

4.bekkur

Eitt af meginverkefnum kennarans á þessu ári er að stuðla að því að nemandinn þroski smám saman sjálfstæði þannig að þeir upplifi að þeir geti lært það sem þeir þurfa til að vera virk í eigin lífi.

Nemendur upplifa heiminn og spegla sig í eigin praktískri vinnu. Afgerandi er hæfileikinn til að leika í sátt við náttúruna og viljinn til að skapa einingu og samfélag við annað fólk. Við finnum þessi mótíf bæði í ítarefni úr Gamla testamentinu og í bókmenntum; höfundar eins og t.d. Tolkien, Padaraig Colum og Selma Lagerlöf hafa búið til persónur innan bókmennta sem kennarinn getur endurskapað í eigin frásögn og notað til að blása nemendum í brjóst samkennd og kærleika til manna, dýra og náttúrunnar auk íslenskra kvæða, ljóða og frásagna.

Hér nýtir kennarinn einnig frásagnir um bóndann og sjómanninn, höfuðatvinnugreinar íslendinga gegnum aldir sem lýsa hversdagslegu mannlífi og aðstæðum fyrri kynslóða. Sögurnar bjóða einnig á áþreifanlegan máta upp á ýmislegt handverk og listræna útfærslu á verkefnum í daglegu skólalífi. Þær setja upp sögulega tímalínu og aðstæður þar sem mannlegar persónur þurfa að takast á við lífið og sigrast á erfiðleikum. Fyrstu tímarnir í landafræði kanna nánasta umhverfi og stækka svo hringinn. Ferðalagið hefst í skólastofunni og við könnum umhverfið og að lokum borgarlandslagið á korti og fæti. Nemendur smíða kofa og gera módel af hýbýlum manna. Unnið er með tóvinnu í handverki og þrjónað lítið dýr.

Í móðurmálinu eru fyrstu orðaflokkarnir kynntir. Eðlilegt er að fela nemendum að skrifa niður nöfn hluta, dýra og plantna. Þannig koma nafnorðin, eða nafnorðin, á sinn stað. Þaðan er ekki langt að lýsingarorðunum; þeir segja frá mismunandi eiginleikum hlutanna. Þegar fólk þarf að taka ábyrgð á eigin lífi er margvíslegt sem það þarf að gera og þar koma sagnorðin. Þetta er vitundarvakning fyrir nemendur; þeir verða að skapa víska fjarlægð frá hlutum, eiginleikum og gjörðum til að nefna þá. Þeir gera greinarmun á sjálfum sér og hlutum heimsins. Þeir gera greinarmun á hlutum sjálfum og eiginleikum hans. Og þeir gera greinarmun á fólki og gjörðum þess, góðu og slæmu.

Í reikningstímum þarf að mæla og vega alla hluti. Við byrjum á því sem hægt er að mæla og upplifa með líkamanum, út frá gömlum tegundum mælinga, fet, þumlungur, faðmur, áln - áður en við kynnum algengar mælieiningar samtímans. Nemendur æfa reikningslistirnar fjórar í dæmavinnu, orðadæmum og hugarreikningi. Í formteikningu er unnið með fleiri ása í speglun og hringformið í tengslum við reikninginn. Í formteikningu Fingurnir æfa sig óspart með hekl, tál og vefnað. Skipt er yfir í c-flautuna í hljóðfæraleik.

Nemendur stunda garðyrkju að vori og taka upp grænmeti að hausti.